




2. tbl. 2014/15



September

Litastjarnan

Litablöndun

Litaprautir

Söngbókin


Litapúslið

Tilraunir

Crayola.com

Uglusprettur

og fleira...




**Einn er litur
allra kúa
um nætur**



Um meðgöngu

Kæpir selur, kastar mer,
konan fæðir, ærin ber,
fuglinn verpur, flugan skítur,
fiskur hrygnir, tíkin gýtur.

Höf: Guðmundur Þorláksson (Glosi)



**minnis
vísur**

KENNARTINN.IS

MÁN

TIL
MÆÐU

ÞRI

TIL
ÞRAUTAR

MID

TIL
MOLDAR

FIM

TIL
FRAMA

FÖS

TIL
FJÁR

LAU

TIL
LUKKU

SUN

TIL
SIGURS

1 september	2	3	4	5	6	7
 ALÞJÓÐADAGUR LÆSIS	9	10	11	12	13	14
15	 DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU	17	18	19	20	21
22	 HAUSTJAFNDÆGUR	24	25	 EVRÓPSKI TUNGU- MÁLADAGURINN	27	28
29	30					





Einn er litur...

allra kúa um nætur sem mætti túlka á þá leið að við erum öll af sama meiði og enginn litur eða litarháttur merkilegri en annar. **Litirnir** eru þemað að þessu sinni og litafræðin býður upp á skemmtilegar umræður, tilraunir og verkefnavinnu með börnum.

Tilgangur þessa vefrits er að vera kveikjan að slíkri vinnu, ekki bara meðal verkgreinakennara heldur einnig í almenntri bekkjarkennslu.

Líkt og í ágúst vefritinu byggir innihaldið á föstum liðum eins og dagatali, afþreyingarkippu og kortamolum. Í teningaspilinu *Uglusprettur* velja nemendur sér ákveðinn lit og keppast um að komast fyrst í mark ásamt því að skoða tölfræði og setja upp í súlurit.

Litirnir er fyrsti textinn í heftinu *Söngbókin mín*. Eftir því sem umfjöllun vefrita gefur tilefni til fjölgar textum söngbókarinnar. Hægt er að nálgast gítargrip lagsins á síðunni Guitarparty.com.

Vefrit Kennarans má einnig nálgast í svarthvítu og því tilvalið að láta nemendur sjálfa lita gögn á borð við teninginn, litarenningana og púslið.

Með septemberheftinu fylgir jafnframt viðaukinn *Litagleði*. Í því hefti er finna litina á nokkrum tungumálum, með eða án texta, í lit og svarthvítu.

Ýmsar hugmyndir tengdar litum og litafræði er að finna í myndamöppu á [facebooksíðu Kennarans](#) og eru starfsmenn í skólum og leikskólum hvattir til að deila efni inn í okkar sameiginlega gagnabanka.


Einnig er að myndast dágott safn af hugmyndum inni á Pinterestsíðu Kennarans en Pinterest.com er frábær vefur til að safna verkefnum saman og halda utan um áhugamál ýmiss konar.

Þema október er hinsvegar **Lestur** og allar ábendingar um efni vel þegnar á netfangið kennarinn123@gmail.com.

Takk fyrir ágúst og eigið gleðilegan september í leik og starfi.

Allir fyrir einn - einn fyrir alla

Unnur María Sólmundsdóttir, verkefnastjóri.



Litir og litablöndun

— klippt og plastað



Allir litir koma frá gulum, rauðum og bláum. Þá er ekki hægt hægt að blanda og kallast því **frumlitir**. Frumlitunum er hægt að blanda saman á ýmsa vegu til að fá aðra liti. Ef þeim er blandað við aðra frumliti nefnist blandan annars stigs litir eða **millilitir**. Þannig fást fjólublár, appelsínugulur og grænn.




Ef hvítum er blandað við lit lýsist hann og kallast **pastellitur**. Ef svörtum lit er blandað saman við lit dekkist hann. Þetta má sjá vel í **Litastjörnu** Ittens.


Grátónaskalinn inniheldur alla litatóna á milli svarts og hvíts.

Litahjól Ittens sýnir alla liti og samspil þeirra. **Andstæðir** litir eru beint á móti hver öðrum á hringnum og **hliðstæðir** litir eru hlið við hlið.

Renningarnir sýna hvernig helstu litir blandast. Tilvalið er að klippa þá út, plasta og hengja upp í kennslustofunni. Í svarthvítu útgáfu vefritsins má finna renninga fyrir nemendur til að lita.








Litahringur Ittens


— tölvuleit og litun





Litastjarna Ittens

— tölvuleit og litun






— klippt, límt og litað






Skyldi einhver litur vera meiri happalitur en annar?

30						
29						
28						
27						
26						
25						
24						
23						
22						
21						
20						
19						
18						
17						
16						
15						
14						
13						
12						
11						
10						
9						
8						
7						
6						
5						
4						
3						
2						
1						










Klipptu mig út,
brjóttu í tvennt og
plastaðu, þá passa
ég í spilastokk

Kortamolar

— klippt, brotið og plastað



Hjá **Guitarparty** er að finna mikið magn söngtexta. Þar er hægt að útbúa söngbækur fyrir bekk og skemmtanir. Hægt er að prenta bækurnar út ýmist með gítargripum eða án þeirra. Einnig er hægt að fá gítarkennslu á myndbandsformi fyrir þá sem vilja. Þetta er tilvalið verkefni fyrir eldri nemendur.



Á síðu **Crayola** kennir ýmissa grasa. Þar er meðal annars að finna kennslufni í myndlist, margvísleg föndurverkefni og litabókamyndir. Á síðunni er einnig vefverslun með úrval myndlistavara.

Hægt er að gerast áskrifandi af netfréttabréfi Crayola og fylgjast með spennandi nýjungum.

Myndir

Guitarparty, mynd tekin af slóðinni guitarparty.com
Crayola, mynd tekin af slóðinni crayola.com

Gulur

Appelsínugulur

Rauður

Vínrauður

Bleikur

Ljósbleikur

Fjólublár

Blár

Ljósblár

Ljósgulur

Svartur

Hvítur

Grár

Ljósgrár


Grænn

Ljósgrænn

Brúnn

Ljósbrúnn


Fölbleikur



Litagleði

— klippt og plastað

Vinna má með litina á ýmsa vegu og á [Issuu.com](https://issuu.com) og facebookhópnum **Vefrit Kennarans** er hægt að nálgast dreifildið *Litagleði*. Þar er að finna litina hér til hliðar á nokkrum tungumálum, í lit og svart-hvítu, og með og án texta.



Nokkrar hugmyndir að verkefnum:

Jafningjaupplestur: Nemendur vinna tveir og tveir saman. Annar dregur lit og les hann upp fyrir hinn sem skrifar heitið niður án þess að sjá spjaldið. Í lokin er stafsetningin skoðuð og gerðar lagfæringar eftir þörfum.

Sóknarskrift: Kennari límir litina upp á nokkrum stöðum í stofunni. Nemendur finna lit, leggja stafsetninguna á minnið, setjast í sætið sitt og rita heiti lits. Hér er tilvalið að nota ensku og dönsku útgáfuna með eldri börnum.

Endurritun: Nemendur draga lit og rita heiti hans í stílabók.

Litaveiðimann: Fjögur sett eru prentuð út og plöstuð. Þetta er gott tækifæri til að þjálfra enskan og danskan framburð hjá eldri börnum en upplestur hjá þeim yngstu.

Samstæðuspil: Tvö sett eru prentuð út og plöstuð.

Litakóngur: Fjögur eintök af litum prentuð út og *Kóngakapall* lagður.


Hópskipting: Nokkur eintök prentuð út til að para nemendur í hópa. Hægt að draga frumliti, litablöndur, hliðstæða eða andstæða liti saman. Eins hægt að nota kalda og heita liti til að para nemendur.

Litakönnun: Skólastofan skoðuð út frá litum og sett upp í súlurit.



Litapraut 1

Hvað finnur þú marga liti í orðaruglinu?



+




=


b	v	j	u	a	h	o	ð	j	g	r	æ	n	n	o
n	a	e	l	æ	k	j	h	s	u	l	ð	a	s	d
m	i	p	v	í	n	r	a	u	ð	u	r	æ	k	g
ð	m	n	v	o	r	þ	ð	p	l	n	b	b	e	r
a	p	p	e	l	s	í	n	u	g	u	l	u	r	o
k	a	h	o	p	j	f	e	r	t	y	e	l	m	s
n	g	v	y	b	d	j	o	a	b	k	i	s	d	f
g	f	í	a	l	v	ó	d	s	e	l	k	v	d	i
p	g	t	s	á	n	l	b	y	t	n	u	m	a	v
t	u	u	p	r	a	u	ð	u	r	o	r	l	k	p
ö	l	r	m	ö	i	b	b	m	ð	p	k	e	æ	b
æ	u	æ	i	g	u	l	e	s	v	a	r	t	u	r
x	r	o	f	r	m	á	f	k	v	e	u	o	b	ú
n	o	ö	e	á	ö	r	v	ð	ö	j	y	e	æ	n
a	h	s	d	r	b	r	l	d	u	f	s	b	ð	n



Litapraut 2

Litirnir í þessu litasudoku eru gulur, rauður, grænn, blár, svartur, fjólublár, grár, bleikur og appelsínugulur. Í hvern 9 reita kassa má bara setja hvern lit einu sinni. Hver litur má jafnframt bara koma einu sinni fyrir í hverri röð, lárétt eða lóðrétt. Litaðu hvítu reitina með réttum litum.





Söngbókin mín

Nafn: _____

Litirnir

Grænt, grænt, grænt
er grasið úti í haga.
Grænt, grænt, grænt
er gamla pilsíð mitt.
Allt sem er grænt, grænt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla Jón á Grund

Gul, gul, gul
er góða appelsínan.
Gul, gul, gul
er gamla húfan mín.
Allt sem er gult, gult
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla Kínverjann.

Rauð, rauð, rauð
er rósin hennar mömmu.
Rauð, rauð, rauð
er rjóða kinnin mín.
Allt sem er rautt, rautt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla indíánann.

Svart, svart, svart
er sjalið hennar frænku.
Svart, svart, svart
er litla lambið mitt.
Allt sem er svart, svart
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla svertingjann.

Blátt, blátt, blátt
er hafið bláa hafið.
Blár, blár, blár
er blái himininn.
Allt sem er blátt, blátt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla sjómanninn.

Hvít, hvít, hvít
er hvíta snjókerlingin.
Hvít, hvít, hvít
eru skýin sem ég sé.
Allt sem er hvítt, hvítt
finnst mér vera fallegt
fyrir vin minn,
litla snjókarlinn.

Lag: Gunnar Nyborg Jensen

Texti: Örn Snorrason



Spekingsskúlan

— klippt og gatað

Renningarnir eru klipptir út, gataðir á endunum og festir saman með pappírsklemmum þannig að

þeir myndi kúlu. Kúlan gengur á milli og börn æfa sig í að semja setningar sem innihalda spekina.

Krummi verður ei hvítur þótt hann baði sig

Allt er vænt sem vel er grænt

Einn er litur allra kúa um nætur

Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina mikla

Siggi litli var mjög blátt áfram

Gunnar afi var orðinn hvítur fyrir hærnum

Víkingarnir voru gráir fyrir járnum


Jóna ferðaðist fram í rauðan dauðann

Gaui telur grasið grænna hinum megin

Sóley mun launa Finni lambið gráa

Það var rauði þráðurinn í sögunni

Strákarnir elduðu grátt silfur saman




Litapússlið

— klippt og plastað

Þrautin er klippt niður 9 spjöld þegar búið er að plasta. Nemendur þurfa að raða þeim aftur saman þannig að eins uglur liggi saman.

Litaprautina má einnig finna í svart-hvítu og tilvalið að láta nemendur útbúa sína eigin litapraut.





Tilraunahornið

— matarlitir

Frumlitablöndun

Efni: vatn, matarlitir, eldhúsbréf

Áhöld: 6 glös

Aðferð:

Stilltu glösum upp í hring og hafðu vatn með gulum, rauðum og bláum matarlit í öðru hverju, einn lit í hvert fullt vatnsglas. Rúllaðu eldhúsbréfi upp, einn endi fer í glas með vatni og annar í tómt glas. Fylgstu með hvernig vatnið flyst til og litablöndur myndast.



Litskrúðugt sellerí

Efni: vatn, matarlitir, sellerí

Áhöld: 4 glös, hnífur, skurðbretti

Aðferð:


Hálffylltu glösin af vatni. Settu matarlit í glösin, einn lit í hvert. Dýfðu sellerínu í glösin og fylgstu með þegar laufin litast. Þegar laufin eru orðin dökk af matarlitunum er skorið þvert á stilkinn til að sjá æðarnar sem bera vatnið upp í blöð grænmetisins.



Myndir

- 1) Tekin af slóðinni allforkids.tv/episode-guide/season-4/episode-37/absorbing-science/
- 2) Tekin af slóðinni [flickr.com/photos/mslaur/4023084459/](https://www.flickr.com/photos/mslaur/4023084459/)
- 3) Tekin af slóðinni frozenintime81.blogspot.com/2014/07/dancing-colors.html
- 4) Tekin af slóðinni buzzfeed.com/alannaokun/creative-and-inexpensive-ways-to-keep-kids-busy#10g3xu2

Vissir þú að hægt er að setja vaxliti í límbyssu, bræða og búa til listaverk?



Regnbogamjólk

Efni: Mjólk, matarlitir, uppvottalögur

Áhöld: Eyrnapinni, diskur

Aðferð:

Helltu mjólk á diskinn. Settu nokkra dropa af matarlitum í mjólkina. Vættu eyrnapinna með uppvottalegi og dýfðu honum í blönduna. Þá myndast fallegt listaverk sem hægt er að varðveita með því að leggja pappír yfir og láta litina smitast á hann.



Listaverkabrauð

Efni: Mjólk, matarlitir, hvítt brauð

Áhöld: skálar, pennslar, brauðrist

Aðferð:

Blandaðu mjólk og matarlit saman í skál til að búa til mjólkurmálningu. Málningin er notuð til að skrifa eða mála fallegar myndir á hvítt brauð. Að lokum er brauðið ristað og borðað.



Skýrslugerð

Á næstu síðu er að finna skýrslublaðið *Tilraunir* til að vinna með í framhaldi.

Markmið: Til hvers er tilraunin gerð?


Efni og áhöld: Hvað þarf að nota við tilraunina?

Aðferð: Hvernig var tilraunin framkvæmd?

Niðurstaða: Hvað gerðist?

Mitt mat: Hvernig fannst þér tilraunin heppnast? Hvernig líkaði þér vinnan?

TILRAUNIR



Dagsetning	Heiti tilraunar	Nafn/Nöfn
Markmið		
Efni og áhöld		
Aðferð		
Niðurstaða	Mitt mat	



Afpreyingarkippan

- leikir, þrautir, spil

Afpreyingarkippan er tölvuumbun fyrir vel unnin störf. Börn velja úr síðum með leikjum, þrautum og

spilum. Renningarnir eru plastaðir, gataðir og settir á lykklakippuhring. Fleiri eru væntanlegir í næstu ritum.



Teiknisíða Crayola

www2.crayola.com/coloring_application



Gömul tölvuspil

www.pica-pic.com




Barbí

barbie.com



Teikniforrit

bomomo.com



Myndir

Tölvuspil, mynd tekin af slóðinni en.wikipedia.org/wiki/Nintendo_video_game_consoles

Barbí, mynd tekin af slóðinni www.4shared.com/all-images/drThcNrV/BARBIE_2.html

Crayola, mynd tekin af slóðinni crayola.com



HERBALIFE®

Sjálfstæður Dreifingaraðili



12 vikna áætlun
að **betri** lífsstíl



Eftirfylgni, **aðhald**
og stuðningur



Fræðsla, uppskriftir
og **venjur** tæklaðar

Vilt þú taka til í lífsstílnum?

Halldóra Skúla xyz@mmedia.is S:862 8416

Forsíðumynd:

Sóldís Perla Ólafsdóttir 7 ára

Ábyrgðarmaður og umbrot:

Unnur María Sólmundsdóttir

kennarinn123@gmail.com

